



Vilborg Jóhannsdóttir og Kristín Lilliendahl

## Þróun starfa íslenskra þroskaþjálfra í alþjóðlegu ljósi

► Um höfunda ► Efnisorð

Í rannsókninni sem hér er greint frá er sjónum beint að fagstétt íslenskra þroskaþjálfra í alþjóðlegu ljósi. Þroskaþjálfar ganga ýmist undir heitinu *social educators* eða *social pedagogues* á alþjóðavettvangi en *social education* er það hugtak sem alþjóðasamtök þroskaþjálfra, International Association of Social Educators (AIEJI), notar yfir faggreinina þroskaþjálfrafræði. Flest fagfélög þroskaþjálfra í Evrópu, þar á meðal Þroskaþjálfafélag Íslands, eru aðilar að samtökunum (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.). Alþjóðasamtökin hafa unnið að því að styrkja stöðu og samstarf þroskaþjálfra milli landa og í þeim tilgangi hafa þau þróað sameiginleg hæfniviðmið, *A Common Platform for Social Educators in Europe*, á alþjóðavísu (AIEJI, 2009).

Rannsóknargögnin sem eru lögð til grundvallar þessari grein eru hluti af langtíma-rannsókn sem hefur þann tilgang að skoða þýðingu alþjóðlegs samstarfs fyrir framþróun menntunar og starfa íslenskra þroskaþjálfra. Rannsóknarspurningar sem glímt er við í greininni eru tvær: Hvernig sjá íslenskir þroskaþjálfar stöðu sína, starfshlutverk og helstu áskoranir í starfi; og að hvaða marki má finna mun á faglegri þróun fagstéttar þroskaþjálfra á Íslandi og í öðrum löndum Evrópu? Unnið var samkvæmt eiginlegri rannsóknarhefð. Gagnasöfnun er byggð á hálfopnum viðtölum við íslenska þroskaþjálfra og opinni spurningakönnun.

Niðurstöður gefa til kynna að störf og starfshlutverk íslenskra þroskaþjálfra falli vel að hæfniviðmiðum alþjóðasamtaka þroskaþjálfra og helstu forsendum þeirra. Ennfremur að fagstéttin sé samstíga milli landa um áherslur í mörgum mikilvægum málum sem varða núverandi stöðu hennar, áskoranir og sóknarfæri. Færa má rök fyrir mikilvægi alþjóðlegs samstarfs fyrir framþróun fagstéttarinnar hér á landi, ekki síst í ljósi þeirra áskorana sem hún stendur frammi fyrir í breyttu starfsumhverfi.

### Professional development of social educators in Iceland from an international perspective

► About the authors ► Key words

The study described here focuses on the profession of social educators in Iceland in an international context. The profession is known internationally either under the name of social educators or social pedagogues. Social education is the concept used for the profession and its underpinning theory by the International Association of Social Educators (AIEJI). Most of the professional

associations of social educators in Europe are members of the AIEJI, which has worked to strengthen the co-operation of social educators across countries. For that purpose, they have developed a set of shared competences under the name, *A Common Platform for Social Educators in Europe* (AIEJI, 2005; 2009).

The data presented in this article is part of a long-term study that began in 2013. The main objectives of the study are twofold. On the one hand, the aim is to gain a deeper understanding of Icelandic society's need for the profession and the knowledge and skills sought in that context, and on the other hand, to get a picture of what social educators in Iceland have in common with those in Europe in terms of learning outcomes and professional competences. The main research question is: To what extent is there harmony between professional development, job roles and key challenges social educators face in Iceland and other countries in Europe? The research is qualitative, and data collection is based on a survey and semi-structured interviews with social educators working in various service fields in Iceland. Twenty social educators in Iceland participated in the study. *The Common Platform for Social Educators in Europe* (AIEJI) was used as the basis for analysing the results.

The data shows that the role and responsibility of the Icelandic social educator coincides with the competences of social educators in Europe developed by the International Association of Social Educators (AIEJI) in areas like ethics, theoretical and ideological background. The same can be said about the challenges facing the profession in an international context. One can argue that increased international networking can benefit the community of Icelandic social educators in a profound way, such as by widening their perspective and strengthening their identity and sense of belonging to a professional international community. Data also indicates that increased participation of Icelandic social educators would be of value to the international community of social educators in Europe, in particular in the light of their expertise in areas such as human rights based services for disabled people of all ages in different sectors of society.

## Inngangur

Kveikjuna að langtímarannsókninni sem hér er greint frá má rekja til ákvæða gildandi laga um háskóla þar sem kveðið er á um að menntun, sem háskólar veita, eigi að taka mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og að hún geti verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð (*Lög um háskóla* nr. 63/2006, 2. gr.). Menntamálaráðherra gefur út viðmið um æðri prófgráður í samræmi við evrópsk viðmið, *Framework of Qualifications for the European Higher Education Area* (Bologna Working Group, 2005) og gaf vorið 2011 út *Viðmið um æðri menntun og prófgráður* nr. 530/2011 á grundvelli fyrrnefndra laga, 5. gr. (Kristín Aðalsteinsdóttir, 2013). Tilmæli ráðherra kveða á um skilgreiningu hæfniviðmiða sem lýsa þeirri „þekkingu, leikni og hæfni“ sem hver nemandi á að ráða yfir við námslok (Mennta- og menningar- málaráðuneytið, 2011). Þannig skal skilgreina námsleiðir til prófgráðu á grunni hæfniviðmiða þar sem settur er formlegur rammi um þá þekkingu og kunnáttu sem mismunandi prófgráðum er ætlað að skila (Þórður Kristinsson, 2010). Tilmælin eru byggð á samþykktum Bolognaferlisins um samræmingu æðri menntunar í Evrópu, það er því markmiði að menntun háskólamenntaðra fagstétta sé samræmd, virt og metin til jafns milli landa til að skapa farveg fyrir alþjóðasamstarf (Þórður Kristinsson, 2010).

Í flestum löndum er þroskaþjálfarafræði nú kennd til bakkalárgráðu og í mörgum tilfellum jafnframt til meistara- og doktorsgráðu. Í skrifum fræðimanna sem hafa beint sjónum að þróun þessa fræðisviðs kemur fram að flutningur menntunar þroskaþjálfara á háskólastig, ákvæði Bolognaferlisins og alþjóðlegir mannréttindasáttmálar hafa verið mikilvægir áfangar á alþjóðavísu í þeirri þróun að skapa fræðigreinininni skýrari afmörkun og traustari

sess (Erikson, 2005; Stevens, 2013; Storø 2011). Í stefnu Bolognaferlisins um samræmt fræðasvið Evrópu er lögð áhersla á að taka upp sameiginlegt einingakerfi svo nemendum veitist auðveldara að fá nám sitt metið milli landa. Einnig er hvatt til nemenda- og kennaraskipta (Rannís, e.d.). Stefna Háskóla Íslands til 2016 endurspeglar þessar áherslur en í ávarpi rektors er minnt á skyldu háskólans til að „... mennta ábyrgt ungt fólk sem er fært um að taka virkan þátt í uppbyggingu okkar eigin samfélags og alþjóðasamfélagsins ...“ (Stefna Háskóla Íslands 2011–2016, e.d.; bls. 3). Auk þess segir í stefnu skólans í rannsóknnum og nýsköpun að hvatt sé til samstarfs við fremstu háskóla og háskóladeildir heims, meðal annars með nemenda- og kennaraskiptum. Sérstakur kafli í stefnu skólans fjallar svo um ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum og þar segir meðal annars: „Mikilvægt er að skólinn kynni vísindastarf sitt, nýlausnir sem gerjast í alþjóðlegri fræðilegri umræðu og taki þátt í þróunar- og nýsköpunarverkefnum.“ Þá segir að skólinn undirbúi nemendur til þátttöku í alþjóðlegu samfélagi (Stefna Háskóla Íslands 2011–2016, e.d.; bls. 21). Í þessu samhengi bendir Guðrún Geirsdóttir (2012) á að sérhver námsgrein sé hluti af námskrá viðkomandi háskóla en hún sé líka hluti af stærra fræðasamfélagi faggreinarinnar og Bolognaferlið skapi farveg fyrir samstarf á alþjóðagrundvelli. Í september 2005 samþykkti Evrópusambandið almenna tilskipun um viðurkenningu starfsréttinda (Directive 2005/36/EC) milli landa Evrópu en tilskipunin kveður á um aukna áherslu á að opna vinnumarkaði aðildarríkjanna fyrir háskólamenntuðu fólki og fólki með sérmenntun frá ríkjum utan sambandsins. Sérstök áhersla er á það að viðurkenna beri starfsréttindi sem aflað hefur verið í heimaríki að skilyrðum uppfylltum.

Við skilgreiningu hæfniviðmiða til grundvallar prófgráðum í þroskaþjálfarafræðum árið 2012 fóru fram umræður um forsendur og viðmið greinarinnar sem er tiltölulega ung fræðigrein á háskólastigi. Þessar umræður vöktu okkur, sem búum að áralangri reynslu af samþættingu fræða og vettvangs á námsbraut þroskaþjálfara á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og áður við Þroskaþjálfarskóla Íslands, til umhugsunar um mikilvægi þess að skerpa og móta tengsl fræðigreinarinnar við hið alþjóðlega fræðasamfélag hennar, það er við þá erlendu háskóla sem mennta þroskaþjálfara til starfa. Fram að þessu hefur slíkt samstarf lítið verið mótað með formlegum hætti á þeirri námsleið, þroskaþjálfabraut. Tilmælin um skilgreiningu vel ígrundaðra hæfniviðmiða, og vinna okkar þar að lútandi, vöktu jafnframt áhuga okkar á að skoða stöðu og hlutverk fagstéttar þroskaþjálfara í íslensku samfélagi í samanburði við þessa fagstétt annars staðar í Evrópu, þá sem á ensku nefnist *social educators*. Í störfum okkar sem umsjónarmenn vettvangsnáms á þroskaþjálfabraut höfum við orðið varar við vaxandi eftirspurn eftir fagþekkingu þroskaþjálfara á víðari starfsvettvangi en áður og að fagstéttin færir sig mikið til í starfi á breiðu starfssviði. Þetta hefur vakið okkur til umhugsunar um það hvernig þarfir samfélagsins fyrir störf þroskaþjálfara séu eða gætu verið að breytast. Í þessu samhengi höfum við fylgst náið með skrifum kollega okkar í Evrópu um þróun faggreinarinnar og starfi alþjóðasamtaka þroskaþjálfara þar að lútandi.

Rannsóknarþátturinn sem lagður er til grundvallar þessari grein er hluti af langtímarannsókn höfunda þar sem sjónum er beint að þýðingu alþjóðlegs samstarfs fyrir framþróun menntunar og starfa íslenskra þroskaþjálfara. Langtímarannsóknin hófst árið 2013 og skiptist í tvo meginhluta. Í þeim hluta sem ber yfirskriftina *Menntun þroskaþjálfara á Íslandi í alþjóðlegum samanburði* er hugað að samanburði á menntun þroskaþjálfara í Evrópu, sérstöðu og sameiginlegum þráðum. Í hinum hlutanum, sem hér er sérstaklega fjallað um og ber yfirskriftina *Þroskaþjálfarar á Íslandi og í Evrópu* er leitast við að öðlast dýpri skilning á stöðu og þróun starfa íslenskra þroskaþjálfara í alþjóðlegu ljósi. Rannsóknarspurningarnar sem leitast er við að svara í þessari grein eru tvær: Hvernig sjá íslenskir þroskaþjálfar núverandi stöðu sína, starfshlutverk og helstu áskoranir í starfi; og að hvaða marki má finna samsvörun milli faglegrar þróunar fagstéttar þroskaþjálfara á Íslandi og í öðrum löndum Evrópu?

## Fag og fræði í alþjóðlegu ljósi

Í skrifum fræðimanna í Evrópu um þroskaþjálfarafræði kemur skýrt fram að fagstéttin og menntun hennar standi á sögulegum tímamótum. Þessir kollegar okkar benda á að þar sem faggreinin er nú almennt viðurkennd fræðigreinin á háskólastigi sé mikilvægt að styrkja fræðilegan grunn hennar með markvissum athugunum á stöðu hennar og þróun, umræðu og ígrundun um hana. Þeir undirstrika þörf fyrir samræmda alþjóðlega skilgreiningu á fræðilegum grunni og hlutverkum þroskaþjálfara í anda Bolognaþykktarinnar og samþykktar Evrópusambandsins frá 2005 um viðurkenningu starfsréttinda milli landa (Hämäläinen, 2012; Storø, 2011; Stevens, 2013).

Þroskaþjálfar ganga ýmist undir heitinu *social educators* eða *social pedagogues* í löndum Evrópu. Hugtakið *social education* er það heiti sem alþjóðasamtök þroskaþjálfara nota yfir faggreinina. Uppruna hugtaksins má rekja til þýska uppeldisfræðingsins Pauls Natrup sem benti á að uppeldi og menntun ættu sér ávallt stað í félagslegu samhengi og því væri eðlilegt að spyrja þessi tvö hugtök *social* og *pedagogy* eða *social* og *education* saman (Kornbeck, 2009). Stevens (2013) orðar það þannig að Natrup hafi komið auga á hið félagslega í menntuninni og menntunina í hinu félagslega. Jensen (2009) undirstrikar þetta jafnframt þegar hann segir að áður hafi áherslan í námi og störfum þroskaþjálfara verið á umönnun en nú sé hún jafnframt á menntun í víðasta skilningi, þar sem nútímasamfélag sé þekkingarsamfélag. Menntunarhugtakið vísar þó ekki hér til hinnar hefðbundnu merklingar þess heldur er það notað til að áréttu fræðslu- og leiðsagnarhlutverk þroskaþjálfara sem felst meðal annars í því að efla samfélagslega þekkingu og sjálfræði þeirra þegna sem ekki njóta félagslegs jafnræðis (Storø, 2011).

Í Evrópu hefur áhugi manna á störfum þroskaþjálfara aukist verulega á undanförunum árum. Það má meðal annars merkja hjá Bretum sem nú eru að innleiða nám í þroskaþjálfarafræðum á háskólastigi í fyrsta sinn (Stevens, 2013). Ímynd stéttarinnar, gildi hennar og hlutverk hafa verið áberandi í umræðunni og samanburðarrannsóknir verið settar á laggirnar í því skyni að finna sameiginlegan hugmyndafræðilegan kjarna greinarinnar milli landa. Hämäläinen (2012) bendir á að sem vísindi séu þroskaþjálfarafræði byggð á opnu flæði milli margra fræðilegra sjónarmiða og að þróun greinarinnar sem fræðigreinar nú sé háð rannsóknnum á sviðinu og mótun sameiginlegs hugtaka- og fræðagranns. Erikson (2005) tekur í sama streng og bendir á að fagstéttin og menntun hennar standi á sögulegum tímamótum. Hún telur að þar sem faggreinin sé nú almennt viðurkennd fræðigreinin í háskólasamfélaginu sé mikilvægt að styrkja fræðilegan grunn hennar með ítarlegri greiningu á þróun starfa sem stéttin fæst við ásamt markvissri umræðu og ígrundun um þau. Undir þetta taka þeir Stevens (2013) og Storø (2011). Storø (2011) bendir á að þroskaþjálfastarfið sé á margan hátt einstakt og að grundvallarinntak þess megi greina frá hugmyndum annarra skyldra fagstétta. Það sé því mjög mikilvægt að starfinu sé búinn skýr hugtaka- og fræðagrunnur sem frekara nám og starfsþróun geti byggt á. Stevens (2013) undirstrikar að þó að þroskaþjálfar í Evrópu sækji starfsviðmið í siðareglur, mannréttindasáttmála og reglugerð um störf sín hafi þroskaþjálfun sem sjálfstæð fræðigreinin lítið verið mótuð enn sem komið er. Þess í stað hefur fagstéttin reitt sig á áherslur og fræðilegt efni úr öðrum fræðigreinum og lagað það að störfum sínum og hugmyndum (Stevens, 2013). Kornbeck (2009) leggur áherslu á það í þessu samhengi að þroskaþjálfar þurfi að geta samsamað sig við kollega sína í öðrum löndum um leið og nauðsynlegt sé að sérkenni starfa þeirra í hverju landi fái notið sín. Stevens (2013) tekur undir þetta og segir að greinin sé víða í dag frekar starfsmiðuð en fræðileg og bendir á að á meðan ekki sé til sameiginlegur skilningur á því hvað í þroskaþjálfun felist standi hún utan við aðrar greinar í fræðilegri umræðu. Gustavson (2003) tekur í sama streng og segir nauðsynlegt að vinna að rannsóknnum á störfum þroskaþjálfara frá ýmsum sjónarhornum í þeim tilgangi að styrkja þroskaþjálfarafræði sem sjálfstæða fræðigreinin.

## Framlag AIEJI, alþjóðasamtaka þroskaþjálfara

Flest fagfélög þroskaþjálfara í Evrópu, þar á meðal Þroskaþjálfafélag Íslands, eru aðilar að alþjóðasamtökunum AIEJI, *International Association of Social Educators* (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.). Samtökin hafa unnið að því undanfarna tvo áratugi að styrkja stöðu og samstarf þroskaþjálfara milli landa. Með breytingu á vinnulöggjöf Evrópusambandsins árið 2003 um sameiginlegt atvinnusvæði aðildarríkjanna hófu samtökin að vinna að sameiginlegum hæfniviðmiðum þroskaþjálfara. Á alþjóðaráðstefnu AIEJI árið 2005 voru drög að hæfniviðmiðum kynnt og þau síðan send forystu fagstéttarinnar til umsagnar í þeim löndum sem mennta þroskaþjálfara. Hæfniviðmiðin voru samþykkt undir heitinu *A Common Platform for Social Educators in Europe* á alþjóðaráðstefnu samtakanna í Kaupmannahöfn árið 2009 þar sem sjónum var beint að störfum fagstéttarinnar og samræmingu hennar milli landa (AIEJI, 2009). Í kjölfarið voru síðan gefin út sérstök hæfniviðmið sem lúta að þjónustu við fólk með þroskahömlun (AIEJI, 2010). Grunntónninn og meginsteifið í þessum hæfniviðmiðum eru mannréttindaáherslur grundvallaðar á alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, svo sem *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* frá 2006.

Þeir fræðimenn sem nefndir hafa verið hér að framan eru sammála um að hið fræðilega sjónarhorn geti aldrei orðið eitt, heldur breytilegt eftir hlutverki og aðstæðum. Í öðru lagi ber þeim saman um að starfið feli í sér tvíþætt hlutverk, það er leiðsagnarhlutverk og hlutverk hins pólitíska talsmanns. Í þriðja lagi telja þeir að starf þroskaþjálfara sé ekki einungis faglegt starf og fræðilegt, heldur líka eins konar hugsjón og lífsviðhorf (Hämäläinen, 2012; Stevens, 2013, Storø, 2011). Þetta sjónarmið endurspeglast í titli bókar Stevens, *Social Pedagogy: Heart and Head* (2013). Þar bendir hann á að ekki sé nægilegt að þekkja starfsviðmið og siðareglur, heldur þurfi þau viðmið að vera þáttur í lífsviðhorfi þroskaþjálfans. Hämäläinen (2012) er á svipuðum nótum þegar hann segir að þroskaþjálfun einkennist ekki síður af sérstökum hugsunarhætti og viðhorfum en aðferðum og tækni. Loks ber aðilum saman um að það sé grundvallarnauðsyn fyrir faggreinina að eiga sér stoð í alþjóðlegu fræða- og fagsamfélagi sem hægt sé að byggja á ímynd greinarinnar og starfsþróun.

Framangreind sjónarmið endurspeglast í viðmiðum alþjóðasamtakanna. Þar er eðli starfsins greint í þrjá meginþætti, það er fræðilega þekkingu, hagnýtar starfsaðferðir og heilindi í starfi. Hæfniviðmiðunum er skipt í grundvallarhæfni og starfshæfni. Grundvallarhæfnin felst meðal annars í hæfni til íhlutunar, hæfni til að meta og hæfni til að ígrunda. Starfshæfnin felst í þáttum eins og persónulegri hæfni, fræðilegri þekkingu og starfsaðferðum, félags- og skipulagshæfni ásamt þekkingu á innviðum samfélagsins. Í alþjóðlegu hæfniviðmiðunum eru tilgreindar fræðilegar stoðir sem leggja grunn að störfum fagstéttarinnar. Þær eru meðal annars félagsfræði, siðfræði, félagssálfræði, þroskasálfræði og mannfræði en jafnframt er undirstrikað að þroskaþjálfun hvíli ekki á einni tiltekinni vísindahefð eða fræðigreini, heldur fremur á fjölbreyttum grunni mannvísinda og félagsvísinda (AIEJI, 2009).

Miklvægur hluti hæfniviðmiðanna beinist að siðferðilegum skyldum fagstéttarinnar þar sem meginhlutverki og gildum starfsins er lýst. Þar segir að störf þroskaþjálfara byggi á mannréttindum og lýðræðislegum gildum þar sem jafnrétti og virðing fyrir öllu fólk sé í öndvegi. Þá sé það hlutverk þroskaþjálfara að standa vörð um rétt þjónustunotenda til einkalífs og sjálfræðis og enn fremur að beita sér í hvívetna fyrir bættum lífskjörum þeirra. Að lokum er undirstrikað að samkennd og samstaða með jaðarhópum samfélagsins sé undirstaðan í öllum störfum fagstéttarinnar, svo og barátta gegn fátækt og misrétti. Þá segir að markmið hinna siðferðilegu viðmiða sé að þróa sameiginlega fagimynd þroskaþjálfara á alþjóðavísu. Bent er á að almennum hæfniviðmiðum AIEJI sé ekki ætlað að vera endanleg skilgreining á störfum þroskaþjálfara heldur séu þau hugsuð sem hvatning og

grundvöllur starfsþróunar fagstéttarinnar í hverju landi og innblástur í sameiginlegri þróun fagímýndar þroskaþjálfara á alþjóðavísu (AIEJI, 2009). Alþjóðasamtökin hafa staðið fyrir alþjóðlegum degi þroskaþjálfara 2. október ár hvert þar sem þroskaþjálfar allra landa vekja athygli á störfum sínum á margvíslegan hátt undir slagorðinu *The finest job in the world* (Damsgaard, 2015).

Alþjóðasamtökin einbeita sér jafnframt að tilteknum málefnum á fjögurra ára tímabili í senn milli þess sem haldin er alþjóðaráðstefna á þeirra vegum. Á yfirstandandi tímabili er sjónum sérstaklega beint að bættum kjörum fylgdarlausra barna í hópi flóttamanna og hvatt til þess að þroskaþjálfar um allan heim láti til sín taka á þeim vettvangi. Þetta áttak tekur enda árið 2017 þegar við tekur nýtt áttak í málefnum fólks með geðraskanir (AIEJI, e.d.). Um framtíðarsýn alþjóðasamtakanna segir Benny Andersen formaður þeirra í ávarpi sínu til allra þroskaþjálfara í áfangaskýrslu í lok árs 2013: „Við verðum að standa saman um að halda umræðunni um störf okkar stöðugt vakandi og þróa þá umræðu á grundvelli alþjóðlegu hæfniviðmiðanna“ (AIEJI, e.d.) Þegar horft er til alþjóðasamstarfs benda forsvarsmenn fagstéttarinnar á Íslandi á það í nýúttögn afmælisriti sínu að Þroskaþjálfarafélag Íslands sé í virku samstarfi á alþjóðavettvangi. Samkvæmt upplýsingum á vef fagfélagsins og í afmælisritinu er það samstarf að mestu við þroskaþjálfara á Norðurlöndum. Jafnframt kemur fram í afmælisritinu að fyrrverandi formaður Þroskaþjálfarafélags Íslands, Salóme Þórisdóttir, hafi setið í stjórn alþjóðasamtaka þroskaþjálfara, AIEJI, um fjögurra ára skeið eða frá 2008 til 2012 (Þorvaldur Kristinsson, 2015). Á því tímabili tók hún virkan þátt í þróun fyrrnefndra hæfniviðmiða sem taka mið af þjónustu við fólk með þroskahömlun. Um mikilvægi alþjóðasamstarfs kemst Salóme svo að orði:

Það er að mínum dómi ómetanlegt að tengjast erlendum systursamtökum á virkan hátt. Við eignumst víðari sýn og í samstarfinu vakna spurningar sem við myndum annars ekki spyrja okkur, til dæmis hvað varðar eðli starfsins í hinum ýmsu löndum. Það er mín bjargfasta trú að með því að kynna ólíkum sjónarmiðum og annars konar sýn á störf og starfsvettvang takist okkur að dýpka skilning á eigin starfi. (Þorvaldur Kristinsson, 2015; bls.198)

## Nám og störf þroskaþjálfara í Evrópu

Þegar horft er til Evrópu má sjá að fagstéttin á sér mislanga hefð í hverju landi. Uppruna hennar má oft rekja til samfélagslegra umbrota og nýrra þarfa sem við þau skapast, til að mynda í Þýskalandi í uppbyggingunni sem átti sér stað þar eftir síðari heimsstyrjöldina þegar þörf varð fyrir nýja starfsstétt til að styðja munaðarlaus börn og ungmenni (Kornbeck, 2009). Í Póllandi er stéttin ung og verður til í endurreisn samfélagslegrar þjónustu eftir fall kommúnismans og á Spáni er greinin einnig ung; fyrst kennd á háskólastigi árið 1990 þegar spænskt samfélag var enn að jafna sig eftir samfellda einræðistíð Francos í nærri fjóra áratugi, sem einkenndist af fátækt, kúgun og misrétti (Kantowicz og Willinska 2009; Noell, Pallisera, Tesouro og Castro, 2009). Í Bretlandi er verið að innleiða fagstéttina með stuðning við börn og ungmenni í vistonarúrræðum í huga (Stevens, 2013).

Upphaf þroskaþjálfastéttarinnar hér á landi má rekja til þarfa samfélagsins fyrir sérmenntað starfsfólk til þess að annast vistmenn Kópavogshælis í takt við þau viðhorf sem þá voru ríkjandi til fólks með þroskahömlun. Það var talið frumskilyrði þess að reka „fávita-hæli“ að hafa þar að störfum þjálfað starfsfólk. Fyrirmyndin var sótt til Norðurlanda þar sem til var sérstök fagstétt á þessu sviði (*Frumvarp til laga um fávítastofnanir* nr. 5/1966).

Fyrstu íslensku þroskaþjálfarnir hófu störf um 1960 og báru þá starfsheitið gæslusystur. Stjórnarnefnd Ríkisspítalanna samþykkti þetta starfsheiti árið 1962 og skyldi fagstéttin hafa það hlutverk að sinna umönnun og hjúkrun vistmanna Kópavogshælis. Gæslusystur fengu starfsheitið þroskaþjálfar árið 1971 og hefur meginhlutverk þeirra frá upphafi verið

að starfa með fötluðu fólki, og þá sérstaklega fólki með þroskahömlun. Tilgangur og hlutverk fagstéttarinnar hefur tekið breytingum í takt við breytingar á vettvangi fatlaðs fólks, sem má rekja til örrar þróunar í málefnum þess, svo sem ríkjandi hugmyndafræði á hverjum tíma. Þekkingargrunnur og fræðasvið starfsgreinarinnar hefur að sama skapi þróast mikið og þá í samræmi við breyttar hugmyndir og áherslur í þjónustu við fatlað fólk (Vilborg Jóhannsdóttir, 2001, 2003). Við aukna þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu og áherslu á aðskilnað stofnana og þjónustu, fara áherslur eins og sjálfsákvörðunarréttur, fullgild þátttaka, eðlilegt líf og félagslegur skilningur á fötlun að verða meira ríkjandi í starfsumhverfi þroskaþjálfara, með mannréttindasjónarmið að leiðarljósi. Þannig eru hugtök eins og stoðþjónusta, aðstoð, leiðsögn og réttindagæsla einkennandi í störfum þroskaþjálfara í dag (Vilborg Jóhannsdóttir, 2001, 2003).

Fagstéttin hefur haft sérstakar siðareglur frá árinu 1991. Á starfsdögum þroskaþjálfara í janúar 2013 voru siðareglur þeirra teknar til endurskoðunar með tilliti til þróunar á störfum og starfsviðmiðum þroskaþjálfara og í því skyni lögð áhersla á að almennt sé tekið mið af mannréttindum og þeim gildum og áherslum sem þar er að finna. Þroskaþjálfar starfa í dag eftir lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34 frá árinu 2012 og reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfara nr. 1120 frá árinu 2012. Samkvæmt reglugerðinni ber þroskaþjálfum meðal annars að þekkja skyldur sínar og virða siðareglur stéttarinnar auk þess að viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið. Hvað varðar skyldur fagstéttarinnar er lögð rík áhersla á að í þeim felist að efla lífsgæði fatlaðs fólks og auka þátttöku þess í samfélaginu. Í hnotskurn má segja að þær nýjungar og áskoranir sem þroskaþjálfar hafi á síðustu árum þurft að horfa til og taka mið af við að endurskoða sitt hlutverk séu meðal annars yfirfærsla málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011, *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* (Sameinuðu þjóðirnar, 2006) og ný hugmyndafræði mannréttinda hér á landi um sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Þungamiðja þeirra áskorana sem hér um ræðir er að skoða beri stöðu fatlaðs fólks út frá jöfnum rétti og mannréttindavernd en ekki á þeim grunni að fatlað fólk standi höllum fæti í samfélaginu vegna skerðingar sinnar. Þannig skuli fötluðu fólki treyst til að taka ákvarðanir, móta eigið líf og fá til þess aðstoð. Þetta færir þroskaþjálfum meðal annars þær skyldur að leggja niður starfshætti sem ekki samræmast þessum nýju hugmyndum. Á grundvelli þessarar yfirfærslu þjónustunnar til sveitarfélaga starfa þroskaþjálfar í samstarfi við fleira fagfólk og breiðari hóp þjónustunotenda en áður. Jafnframt því eru þeir oftast en áður eini þroskaþjálfarnir á starfsvettvangi (Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, 2012; Kristín Lilliendahl og Vilborg Jóhannsdóttir, 2013).

Þótt störf þroskaþjálfara séu nokkuð ólík milli landa draga alþjóðasamtök þroskaþjálfara, AIEJI, saman í formála alþjóðlegu hæfniviðmiðanna þá þjónustuhópa sem þroskaþjálfar sinna helst í störfum sínum. Þar segir að í dag beini þroskaþjálfar sjónum sínum sérstaklega að fötluðu fólki, börnum og ungmennum, eldri borgurum, fólki með geðraskanir, fólki í áfengis- eða fíkniefnavanda, heimilisláusu fólki og innflytjendum. Í yfirstandandi samannburðarrannsókn landssamtaka spænskra þroskaþjálfara á stöðu fagstéttarinnar innan Evrópulanda kemur fram að ekki sé algengt að stéttin njóti lögverndunar. Fram kemur að í Noregi og á Íslandi sé það þó svo, en ekki á Spáni svo dæmi séu tekin (AIEJI, 2011). Í rannsókninni er einnig bent á að í flestum löndum Evrópu hafi stéttin viðurkennt faglegt hlutverk meðal fjölbreyttra hópa samfélagsins en í nokkrum löndum sé hún sérstaklega kennd við þjónustu við fatlað fólk, einkum fólk með þroskahömlun. Meðal þeirra eru Ísland og Noregur (AIEJI, 2011).

Í þessu samhengi má nefna að í þeim hluta langtímarannsóknar okkar þar sem sjónum var beint að helstu áskorunum og framtíðarsýn forsvarsmanna fagstétta þroskaþjálfara í fjórum löndum Evrópu, þar á meðal á Íslandi, kemur fram að þeir vænta þess að þroska-

þjálfar muni starfa víðar í samfélaginu til framtíðar lítið og með enn fjölbreytilegri þjónustu-  
hópum en hingað til. Fulltrúar þessara landa eru sammála um að leggja þurfi meiri  
áherslu á rannsóknir á störfum fagstéttarinnar til þess að skilgreina og skapa henni skýr-  
ari fræðilegan og faglegan ramma í störfum sínum og starfsþróun. Samkvæmt niðurstöð-  
unum og að sögn forsvarsmanna Þroskaþjálfafélags Íslands felst framtíðaráskorun ís-  
lenskra þroskaþjálfara meðal annars í því að styrkja stöðu sína í heildrænni velferðarþjón-  
ustu í kjölfar yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaganna. Þá leggja þeir áherslu  
á lengingu þroskaþjálfana úr þremur árum í fimm til að jafna samkeppnisstöðu þroska-  
þjálfara á vinnumarkaði (Kristín Lillindahl og Vilborg Jóhannsdóttir, 2015).

Þegar horft er til menntunar þroskaþjálfara má sjá að þroskaþjálfarafræði eða *social educa-  
tion* er ýmist sjálfstæð fræðigrein innan evrópskra háskóla eða hluti af menntun skyldra  
fagstétta eins og félagsráðgjafa, líkt og í Svíþjóð og Póllandi (Erikson og Markström 2009;  
Kantowicz og Willinska 2009). Þá er menntun þroskaþjálfara enn á framhaldsskólastigi í  
sumum löndum eða jafnvel bæði til sem nám í framhaldsskóla og á háskólastigi (Jensen,  
2009). Það er þó ljóst af heimildum að í flestum löndum er þroskaþjálfarafræði nú kennd til  
bakkalárgráðu og í mörgum tilfellum jafnframt til meistara- og doktorsgráðu. Frakkland  
virðist þó skera sig nokkuð úr þar sem greinin hefur litla athygli hlotið þar í landi, hvort  
heldur sem fullgild fræðigrein eða faggrein (Bon, 2009). Á Íslandi er greinin tiltölulega ung  
og var lengst af kennd á framhaldsskólastigi en fluttist á háskólastig árið 1997 og er nú  
kennd á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Miðað er að því að nemendur öðlist sér-  
fræðilækkingu og hæfni til þess að veita fötlðuð fólki fjölbreytta aðstoð og ráðgjöf í sam-  
félaginu í þeim tilgangi að styðja fullgilda samfélagsþátttöku þeirra, jafnrétti og lífsgæði  
á við aðra. Sérstaklega er tekið fram að mannréttindi og mannréttindabaráttu skuli vera  
kjölfestan í störfum þeirra og að félagslegur skilningur á fötlun skuli vera leiðandi sjónar-  
horn (Háskóli Íslands, 2012). Þegar menntun íslenskra þroskaþjálfara er skoðuð í saman-  
burði við fjóra háskóla í löndum Evrópu, það er á Íslandi, í Noregi og á Spáni, kemur fram  
að þau markmið sem eru ráðandi í náminu beinast að því að undirbúa nemendur undir  
það starfshlutverk að styðja samfélagslega þátttöku og efla samfélagslega þekkingu og  
sjálfræði þeirra þegna sem ekki njóta félagslegs jafnræðis á grundvelli mannréttinda-  
sáttmála og gildandi laga. Þá er samsvörun milli þessara landa varðandi þær fræðilegu  
stoðir sem námið er byggt á, svo sem félagsfræði, þroskaþjálfarafræði, siðfræði og sálfræði.  
Í Noregi eru heilbrigðisvísindi ein af meginstoðum námsins líkt og fötlunarfræðin á Íslandi.  
Ennfremur má merkja sterka sameiginlega þræði í starfshlutverkum og hugmyndafræði-  
legri sýn þó að vettvangur starfsins og þjónustuhópar séu nokkuð ólíkir milli landa en færa  
má rök fyrir því að slíkt mótist af samfélagslegum þörfum hverju sinni (Vilborg Jóhann-  
sdóttir og Kristín Lillindahl, 2014).

## Rannsóknaraðferð

Í rannsókninni sem hér er greint frá er sjónum beint að fagstétt íslenskra þroskaþjálfara og  
samsvörun hennar við sambærilega fagstétt á alþjóðlegum vettvangi, það er *social edu-  
cators*. Meginrannsóknarspurningarnar sem lagðar eru hér til grundvallar eru eins og áður  
kom fram eftirfarandi: Hvernig sjá íslenskir þroskaþjálfar núverandi stöðu sína, starfshlut-  
verk og helstu áskoranir í starfi? Að hvaða marki má finna samsvörun milli faglegrar þró-  
unar fagstéttar þroskaþjálfara á Íslandi og í öðrum löndum Evrópu?

Rannsóknin er unnin samkvæmt eigindlegri rannsóknarhefð og beinist að reynslu fólks og  
merkingu fyrirbæra, hugtaka eða atburða í daglegu lífi. Sammerkt með eigindlegum rann-  
sóknnum er að með þeim er leitast við að skilja og lýsa tilteknum mannlegum fyrirbærum  
(Sigríður Halldórsdóttir, 2013; Taylor og Bogdan, 1998). Rannsóknin hér hefur ekki alhæf-  
ingargildi frekar en aðrar eigindlegar rannsóknir. Tilgangur hennar er öðru fremur að auka  
skilning á tilteknu félagslegu fyrirbæri, það er stöðu fagstéttar þroskaþjálfara í íslensku sam-



félagi. Niðurstöðunum er jafnframt ætlað að gefa vísbendingar um hugsanlega samleið hennar með sambærilegri fagstétt í Evrópu (Taylor og Bogdan, 1998).

Notað var hentugleikaúrtak (e. *purposive sample*) og fjölbreytniúrtak (e. *maximum variation sample*) við val á þátttakendum. Samkvæmt Silverman (2010) gefa hentugleikaúrtök rannsakanda möguleika til að velja úrtök sem endurspeglar ákveðin einkenni sem hann hefur áhuga á að skoða á grundvelli rannsóknarspurninga. Fjölbreytniúrtak gefur samkvæmt Flick (2006) möguleika á að fá breiðari sýn á þau tilvik sem verið er að skoða. Hér var lögð áhersla á að velja þroskaþjálfara sem annars vegar voru að stíga sín fyrstu spor í starfi, það er með þriggja ára starfsreynslu eða minna, og hins vegar þá sem höfðu tíu ára starfsreynslu eða meira á fjölbreytilegum vettvangi þjónustu.

Alls tóku 20 þroskaþjálfar sem starfa í þjónustu við börn og unglinga eða í þjónustu við fullorðið og aldrað fólk þátt í rannsókninni. Starfsreynsla þátttakenda nær frá einu ári til 37 ára á viðtæku starfssviði, bæði á vettvangi fatlaðs fólks og annarra þjónustuhópa. Flestir þátttakenda starfa innan hins hefðbundna starfsvettvangs þroskaþjálfara, svo sem á velferðarsviði sveitarfélaga, á öllum skólastigum og í búsetuþjónustu. Nokkrir starfa utan hins hefðbundna vettvangs, svo sem í öldrunarþjónustu og í þjónustu við börn og unglinga með fjölbættan vanda. Flestir þátttakendur höfðu afað sér frekari menntunar að loknu námi til starfsréttinda sem þroskaþjálfar.

Gagna var afað með rýnihópaviðtölum og opinni spurningakönnun. Rýnihópaviðtöl voru valin sem aðferð við gagnaöflun vegna þess að hún var talin hafa meira gildi fyrir rannsóknina en viðtöl við einstaka þátttakendur. Sóley Bender (2013) segir að rýnihópar séu notaðir til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps, í þessu tilfalli fagstéttar íslenskra þroskaþjálfara, gagnvart ákveðnu viðfangsefni rannsóknar, sem hér er staða og starfshlutverk íslenskra þroskaþjálfara í alþjóðlegu ljósi. Sóley bendir enn fremur á að í rýnihóp séu valdir einstaklingar sem hafa einhver sameiginleg grundvallareinkenni og samræmast tilgangi rannsóknarinnar. Rýnihópaviðtölin, sem voru þrjú, fóru fram í húsa-kynnum Háskóla Íslands og tóku rúmar tvær klukkustundir hvert, og voru þau hljóðrituð. Stuðst var við viðtalsvísi á grunni rannsóknarspurninganna í þeim tilgangi að safna gögnum markvisst en um leið að gefa þátttakendum kost á að tjá sig opið um viðfangsefni rannsóknarinnar.

Gagna var einnig afað með spurningakönnun með 16 opnum spurningum þar sem þátttakendur voru beðnir að íhuga starfssögu sína í ljósi rannsóknarspurninga þar sem annars vegar er horft til stöðu, starfshlutverka og helstu áskorana og hins vegar til samsömunar með fagstétt þroskaþjálfara í Evrópu. Svarkostir voru ekki ákveðnir fyrirfram þar sem tilgangur rannsóknarinnar er af eigindlegum toga (e. *qualitative*). Með opinni spurningakönnun sem beint var að stærri og reyndari hópi þátttakenda var leitast við að fá dýpri skilning á því hvernig þroskaþjálfar hugsa um starfið sitt og sjá stöðu sína.

Gagnaöflun fór fram frá ágúst 2013 til september 2015 og fólst í eftirfarandi:

- Tvö rýnihópaviðtöl voru tekin við samtals 10 þroskaþjálfara á haustmánuðum 2013 sem höfðu allt að þriggja ára starfsreynslu með börnum eða fullorðnu fólki á fjölbreytilegum vettvangi.
- Í framhaldi var vorið 2015 send spurningakönnun til 12 þroskaþjálfara sem höfðu 10 ára starfsreynslu eða meira á ólíkum sviðum starfsins. Tíu þeirra svöruðu könnuninni.
- Spurningakönnuninni var síðan fylgt eftir með þriðja rýnihópaviðtölinu í ágúst 2015, við þá þátttakendur sem höfðu svarað spurningakönnuninni.

Við greiningu gagna úr rýnihópaviðtölum var stuðst við Krueger (1994) þar sem fyrsta stig greiningar fór fram á meðan samræður stóðu yfir. Næsta stig greiningar fór fram að hverju viðtali loknu og þriðja stigið fólst í að greina skráningu viðtala frá orði til orðs. Þannig voru viðtölin marglesin í þeim tilgangi að skoða sameiginlegar og ólíkar áherslur. Við greiningu gagna úr spurningakönnun og viðtölum var viðtalsvísirinn hafður til viðmiðunar ásamt hæfniviðmiðum alþjóðasamtaka þroskaþjálfara, AIEJI, *A Common Platform for Social Educators in Europe* (AIEJI, 2009) og þeim forsendum sem þau eru byggð á. Alþjóðlegu hæfniviðmiðin eru ákveðin samnefni fyrir hlutverk og fagleg sjónarmið sem fagstéttin í Evrópu hefur sammælt um og því eru þau vel til þess fallin að hafa til viðmiðunar við að skoða að hvaða marki finna megi samsvörun milli faglegrar þróunar fagstéttar þroskaþjálfara á Íslandi og í öðrum löndum Evrópu. Að þessu kóðunarferli loknu voru dregin fram þemu sem höfð voru til viðmiðunar við nánari skoðun og flokkun gagnanna.

Þegar horft er til réttmætis og takmarkana eigindlegra rannsókna skiptir miklu máli að rannsakandinn nái að leggja til hliðar eigin skoðanir, viðhorf og trú að því marki sem slíkt er mögulegt (Bogdan og Biklen, 2003). Þetta leituðumst við við að gera með því að styðjast við vel ígrundaðan viðtalsvísi og opna spurningakönnun svo þátttakendur hefðu tækifæri til þess að tjá sig á opinn og óhindraðan hátt. Bogdan og Biklen (2003) tala um í þessu sambandi að líta megi á réttmæti í eigindlegum rannsóknum út frá samhengi á milli rannsóknargagna og þá hvort niðurstöður endurspeglar veruleikann eins og hann er í raun og veru. Í því skyni höfðum við það að leiðarljósi við val á þátttakendum að fá þroskaþjálfara sem hafa mismunandi starfsreynslu að baki og mislangan starfsaldur. Í rannsókn okkar voru tengsl á milli gagna staðfest með því að sannreyna hvort samræmi væri á milli upplýsinga annars vegar frá rýnihópunum og hins vegar úr spurningakönnuninni. Samkvæmt Polkinghorne (2005) tengist réttmæti í eigindlegum rannsóknum einnig vali á heimildum sem dýpka skilning á því fyrirbæri sem skoðað er. Fræðilegur kafli þessarar greinar endurspeglar áherslu okkar á það að öðlast dýpri skilning og þekkingu á þróun fagstéttar þroskaþjálfara í Evrópu og þá sérstaklega á sameiginlegum hæfniviðmiðum fagstéttarinnar og fræðilegum forsendum þeirra sem við höfum haft til hliðsjónar í rannsóknarferlinu eins og fyrr hefur komið fram.

Að lokum má nefna að þess var gætt í hvívetna að þátttakendur væru upplýstir um eðli rannsóknarinnar svo þeir gætu tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku sína. Þetta var gert með því að senda skriflega beiðni til þátttakenda með upplýsingum um rannsóknina. Auk þess var rætt við þátttakendur áður en viðtölin fóru fram um trúnað og nafnleynd og leyfi þeirra fengið til að hljóðrita viðtölin.

## Niðurstöður rannsóknarinnar

Fyrirliggjandi niðurstöður úr spurningakönnun og rýnihópaviðtölum eru hér settar fram í fimm meginþemum sem dregin eru fram úr gögnunum á grundvelli rannsóknar-spurninganna og tilgangs með rannsókninni. Þau eru: Eftirspurn og starfsval, staða, hlutverk og starfsábyrgð, starfsviðmið og fræðileg sýn, þróun í starfi, framtíðarsýn og alþjóðasamstarf. Hér á eftir verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar raktar.

### Eftirspurn og starfsval

Þegar horft er til þessa þáttar má segja að einhugur hafi almennt ríkt hjá þátttakendum í rannsókninni sem tilheyrðu hópi nýútskrifaðra. Flestir þeirra þurftu lítið að hafa fyrir því að leita sér að vinnu og ýmist var beið eftir þeim á fyrirverandi vinnustað eða þeim boðin vinna strax í vettvangsnámi eða í starfstengdum heimsóknum á lokamissari námsins. Þeir sem höfðu sótt um vinnu höfðu úr töluverðum möguleikum að velja og voru jafnvel ráðnir samstundis. Þegar þátttakendur voru spurðir hvað réði starfsvali þeirra kom í ljós að reynsla þeirra í vettvangsnámi þar sem þeir höfðu haft tækifæri til að dýpka áhugasvið sitt hefði haft töluverð áhrif á val þeirra. Einnig mátti merkja hollustu við þann þjónustuhóp

sem þeir störfuðu með áður en námið hófst og samhliða því, eins og einn þátttakandi sem starfar á sambýli lýsti: „Ég vildi halda áfram á gamla vinnustaðnum vegna þess að ég hafði áhyggjur af því að fólk mitt fengi annars ekki nægilega góða þjónustu þar sem það var enginn annar fagaðili á staðnum.“

Annar þátttakandi tók að sér stjórnunarstarf á fyrrverandi vinnustað með sama hugarfari og vildi leiða umbætur og láta til sín taka í réttindabaráttu fatlaðs fólks að námi sínu loknu. Einn þátttakandi talaði um að ný reglugerð sem lýtur að aukinni réttindagæslu fatlaðs fólks hefði haft bein áhrif á starfsval sitt í búsetu með full-orðnu fólki á einhverfurófi þar sem hann sá þar aukin tækifæri til að starfa í anda mannréttinda.

Nokkra samsvörun má finna þegar hugað er að starfsvali þátttakenda með lengri og fjölþættari starfsreynslu. Þeir hafa allir flutt sig til á starfsvettvangi. Fram kemur að forsendur starfsvals og breytinga á starfsferli þátttakenda endurspeglar þær áskoranir sem hafa verið í starfsumhverfi þroskaþjálfara á undanförunum árum. Má þar nefna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga, lokun sértækrar þjónustu og starfsmöguleika á víðari vettvangi en áður. Einnig koma hugtök á borð við starfsánægju og starfsálag hér við sögu þar sem val á nýju starfi má rekja til skorts á möguleikum til að starfa í samræmi við eigin starfskenningu og fagleg sjónarmið. Þar draga nokkrir viðmælendur fram þætti eins og mikinn niðurskurð í þjónustu, mikla starfsmannaveltu og skort á möguleikum til að ráða fagfólk, svo og erfiðleikana við að vera eini þroskaþjálfinn á vinnustað.

Svör þátttakenda undirstrika að þeir hafa íhugað rækilega starfsval sitt á nýjum vettvangi. Einn þátttakandi sem tók við starfi ráðgjafarþroskaþjálfara eftir yfirfærslu þjónustunnar til sveitarfélaga studdi starfsval sitt eftirfarandi rökum.

Ég hafði mikla trú á stjórnsýslubreytingunni ... fann mig því knúna til að tryggja að fatlað fólk fengi örugga stöðu innan félagsþjónustu sveitarfélaganna sem varð til þess að ég réði mig sem ráðgjafarþroskaþjálfari þar... Ég gat ekki verið talsmaður mikilla breytinga ef ég fylgdi þeim ekki alla leið ... vildi passa upp á mannréttindasýnina.

Þroskaþjálfari sem færði sig frá leikskóla yfir í stjórnunarhlutverk í búsetu nefndi óskýrt hlutverk þroskaþjálfara og illa aðgreinanlegt frá starfi sérkennara í leikskóla sem eina af forsendum breytinganna hjá sér: „Mér fannst starf mitt í leikskólanum snúast meira um að vera í sérkennslu. Þar átti ég erfitt með að finna mig sem þroskaþjálfari. Núna finnst mér ég vera að nota allt sem ég lærði í náminu.“

Einn þátttakandi fann sig knúinn til að próa nýtt þjónustuúrræði til að mæta brýnni þörf ákveðins notendahóps sem hann taldi utanveltu í þjónustukerfinu. Aðrir nefndu forvitni og áhuga á að prófa eitthvað nýtt til að öðlast fjölþættari reynslu og um leið að efla fagvitundina og starfshæfnina.

### **Staða, hlutverk og starfsábyrgð**

Þátttakendur í rannsókninni vinna í þágu fjölbreytilegs hóps fólks á öllum æviskeiðum og á ólíkum sviðum samfélagsins. Rúmlega helmingur þeirra starfar í þjónustu við fólk með þroskahömlun á öllum aldri. Flestir sem starfa á sviði þjónustu við börn og ungmenni voru einu þroskaþjálfarnir á sínum vinnustað. Þeir töluðu um að hafa engar eða óljósar starfslýsingar að vinna eftir en vera samt falin ábyrgðarmikil störf og ákvörðunarvald sem þeir töldu sig misjafnlega undirbúna að takast á við. Þátttakendur töldu þetta hafa áhrif á stöðu sína sem þroskaþjálfara í viðkomandi þjónustu og fundu til þess hve starfið er illa afmarkað og skarast auðveldlega við störf annarra fagstétta, svo sem kennara og leikskólakennara. Um stöðu sína við hlið ann-

arra starfsstétta segir einn þátttakandi: „Hér þarf að lyfta grettistaki í viðhorfum til okkar ... mér ber að standa vörð um sérstöðu mína. Við þroskaþjálfar þurfum verulega að fara að huga að því að kynna okkar starfsvettvang betur og fyrir hvað við stöndum.“

Flestir þátttakendur í þjónustu við börn og ungmenni eru sammála um að meginhlutverk þeirra felist í að stuðla að þátttöku barnanna í almennu skóla- og frístundastarfi jafnframt því að vera tengiliðir við aðra þá sem koma að þjónustu við ungmennin. Nokkrir þátttakenda nefndu sérstaklega mikilvægi samstarfs við fjölskyldur fatlaðra barna og einn ráðgjafarþroskaþjálfari segir:

... mér finnst samstarfið við börnin og fjölskyldur þeirra vera mikilvægast í mínu starfi. Ég lít á hlutverk mitt þeim augum að ég eigi að vera tengill þeirra og stuðningur í þeim áskorunum sem fjölskyldan stendur frammi fyrir í samskiptum við hin ýmsu þjónustukerfi.

Hlutverk þátttakenda sem starfa í þjónustu við fullorðið og aldrað fólk í búsetu, dagþjónustu eða við starfshæfingu virðist vera mun skýrara en þeirra sem starfa með yngra fólki. Þeir starfa almennt við stjórnun og ráðgjöf við ófaglært starfsfólk, svo og stuðning og leiðsögn við notendur þjónustu. Flestir viðmælenda á þessu sviði nefna réttindagæslu sem stóran þátt í sínu starfi og telja að það hlutverk hafi jafnvel orðið veigameira vegna niðurskurðar í þjónustunni en líka vegna sterkari meðvitundar þeirra sjálfra um þær mannréttindaáherslur sem þeim beri að starfa eftir. Þátttakandi sem starfar bæði í þjónustu við ungmenni og fullorðið fatlað fólk segir: „... starfslýsingarnar geta hljómað vel en oft er það fjármagnsskortur sem kemur í veg fyrir að hægt sé að fylgja þeim hundrað prósent eftir. En alltaf er reynt að gera það besta. Það er bara ekki nógu gott.“

Flestir þátttakendur í þjónustu við fullorðið fatlað fólk eru sammála um að kjarninn í hlutverki þeirra sé að stuðla að fullgildri þátttöku þess í samfélaginu og þeir undirstrika mikilvægi þess að gefa fólkinu rödd í öllum málum sem snúa að lífi þess og lífsgæðum. Einn viðmælendi sem fór aftur að vinna á gamla vinnustaðnum sínum, það er sambýlinu, talaði um að hann sæi aðstæður íbúanna í allt öðru ljósi að námi loknu og að nú horfi hann á hlutverk sitt í gegnum linsu mannréttinda.

Aðspurðir um helstu áskoranir í starfinu tala nýútskrifaðir þroskaþjálfar helst um að vera einu þroskaþjálfarnir á vettvangi sínum og taka einir ábyrgð á því að vinna að mannréttindamarkmiðum starfsins. Einnig tala þeir um þann vanda að hvetja og virkja ófaglært starfsfólk í því tilliti. Þá nefna þeir víðtæka erfiðleika við að takast á við fjársveldi, skilgreina hlutverk sitt og setja mörk varðandi ábyrgð og hlutverk sem þeir telja ekki heyra til sinnar faglegu þekkingar og færni. Nokkrir nefna hversu erfitt það sé að berjast við kerfin fyrir hönd síns fólks og með því. Stundum sé erfitt að fá málum framgengt í eigin starfsumhverfi og þjónustukerfi. Þátttakandi sem starfar sem ráðgjafarþroskaþjálfari hjá einu sveitarfélaganna tekur undir þetta og segir: „Mínar helstu áskoranir í starfi beinast helst að viðhorfum, ólíkri sýn ... og nálgun sérfræðinga og kerfa á þörfum fatlaðs fólks ... og hvernig þjónustunni skuli háttað ... það skortir sameiginlegan skilning.“

Flestir þátttakenda sem tilheyra hópi reyndra þroskaþjálfara upplifa tilhlökkun við að takast á við ný verkefni og áskoranir þegar þeir söðla um í starfi. Þegar sjónum er beint að áhrifum breytinga á þróun starfsferils nefnir einn þátttakenda að þá sé „mikilvægt að hugsa um starfsferilinn sinn til að skilja sjálfan sig betur faglega og persónulega“. Þannig vinni menn betur úr reynslunni og þeim lærdómi sem þeir taka með sér.

Nokkrir undirstrika jafnframt að þeir hafi vitað vel hverju þeir væru að sækjast eftir í nýju starfi. Margir voru búnir að leita sér upplýsinga um nýtt hlutverk en þeir ítreka að starfs- lýsingar hafi í sumum tilfellum verið óljósar og einhverjir fengu að vinna þær sjálfir. Í þeim tilvikum kom fram að þeir hefðu upplifað það sem traustsyfirlýsingu og hvatningu. Þetta átti sérstaklega við eftir flutning þjónustunnar til sveitarfélaga. Skýrt hlutverk og umboð til að starfa samkvæmt eigin sannfæringu og starfsviðmiðum skiptir þátttakendur greinilega máli. Í því samhengi taka nokkrir fram að nærþjónustan og einstaklingsmiðun grundvölluð á mannvirðingu, sjálfræði og valdeflingu skipti lykilmáli og öll vinnuferli eigi að miðast við þetta. Einn þátttakenda orðar það svo að „... þar skuli samstarf og jafningjasamráð við fatlað fólk og aðstandendur sett á oddinn“.

Margir úr hópi reyndra þátttakenda eru í ráðgjafar- og stjórnunarstörfum. Þeir undirstrika mikilvægi þess að þroskaþjálfar gegni slíkum störfum því það skipti öllu máli á hvaða forsendum ákvarðanir séu teknar og vinnuferli skipulögð. Sem dæmi lýsa þeir áhyggjum yfir því að þroskaþjálfar séu að færast neðar í skipuritinu, sérstaklega hjá stærri sveitarfélögum við yfirfærsluna, sem þýði að réttindi og mannréttindasýn í þjónustu við fatlað fólk hafi tilhneigingu til að víkja fyrir hagkvæmnisjónarmiðum og hóplausnum. Tveir úr hópi stjórnenda og ráðgjafa höfðu þetta að segja:

... þegar um er að ræða stærri ákvarðanir varðandi uppbyggingu þjónustunnar þá ná mannréttindaviðhorf og hugmyndafræðin sjaldan fram að ganga, heldur eru það hagkvæmnisjónarmið sem stjórna ... með öðrum orðum fjármagnið.

... stundum hálfneyðist maður til að vinna meira með magnlausnir í stað einstaklingslausna sökum fjármagnsskorts og oft skilningsleysis í kerfinu.

Þeir sem starfa að málefnum aldraðs fólks nefna þetta einnig sem sérstaka áskorun á því sviði og benda á að þroskaþjálfar eigi mikið erindi inn á þann vettvang með sínar starfs- hugmyndir. Sama tón kveður við hjá þátttakanda sem starfar með ungmennum með fjölþættan vanda. Hann segir:

... mesta áskorunin felst í þeirri staðreynd að þetta unga fólk hefur ekki marga talsmenn og fá tækifæri til að sanna sig, þess vegna þarf bæði að styrkja og efla það en ekki síður að vinna með viðhorf gagnvart því í samfélaginu.

Í hnotskurn má segja að kjarninn í starfi margra þátttakenda beinist að því að ryðja burt hindrunum, svo sem neikvæðum viðhorfum og ólíkri sýn á það hvernig þjónustunni skuli háttað. Nokkrir undirstrika að enn séu allt of mörg dæmi um að fatlað fólk þurfi að laga sig að kerfinu í stað þess að þjónustukerfið lagi sig að þörfum þess, en það samræmist ekki þeim áherslum í þjónustu sem stjórnvöld hafa sam- mælst um og undirgengist í lögum og opinberum stefnumörkunum.

### **Starfsviðmið og fræðasýn**

Það var sammerkt með öllum þátttakendum þegar þeir voru spurðir um þau viðmið sem leiða störf þeirra og ákvarðanir að þeir nefndu allir mjög ákveðið mannréttindi og vísuðu meðal annars til *Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*, hugmyndafræði um sjálfstætt líf og siðareglur þroskaþjálfara. Flestir þátttakendur sem búa yfir mikilli starfs- reynslu undirstrika að fyrrnefnd starfsviðmið séu þeirra haldreipi þegar þeir færa sig til á starfsvettvangi, sérstaklega þegar þeir eru einu þroskaþjálfarnir á vinnustaðnum og komnir út fyrir hinn hefðbundna vettvang: „... að starfa í þverfaglegu umhverfi gerir kröfu á að ég leggi alltaf fram í umræðuna þau sjónarmið sem ég stend fyrir sem fagmaður. Það er hlutverk mitt að standa vörð um mannréttindasýn okkar þroskaþjálfara.“

Þroskaþjálfar í starfi með börnum nefna til viðbótar opinber viðmið eigin vinnustaða, svo sem hugmyndafræði Hjallastefnunnar, hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar, námskrár, lög og reglugerðir og *Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Fræðasýn þátttakenda litast þannig af eðli þeirrar þjónustu sem þeir starfa við. Það er þó sammerkt með þeim öllum að þeir leggja áherslu á einstaklingsmiðun í starfi. Fræðasýn viðmælenda sem starfa í þjónustu við fullorðið fólk einkennist öðru fremur af kenningum og sjónarhornum siðfræðinnar, fötlunarfræðinnar og þroskaþjálfarafræða.

Flestir þátttakenda sem búa yfir mikilli starfsreynslu hafa sótt eða eru í framhaldsnámi á ólíkum sviðum til að dýpka sína fræðilegu þekkingu, svo sem í markþjálfun, grunnskólakennarafræði, sérkennslufræði, opinberri stjórnsýslu, fötlunarfræði og þroskaþjálfarafræði. Áhugavert er að sjá hvernig viðbótarmenntun mótar starfstengda sérhæfingu þeirra og fræðasýn. Nokkrir upplifa þörf á að efla starfshæfni á sviði ráðgjafar í kjölfar breytinga í starfsumhverfi, sér í lagi í ráðgjöf við fjölskyldur fatlaðs fólks. Þetta á jafnt við um þá sem starfa með börnum og ungmennum og þá sem starfa í þjónustu við fullorðna og aldrað fólk. Hugtakið árangur er þátttakendum sérlega hugleikið og leggja þeir það að stórum hluta til grundvallar starfsánægju sinni eins og fyrr hefur komið fram. Þar taka þeir fram að starfsánægja og starfsþróun þeirra hvíli á tækifærum til að starfa í samræmi við fagleg sjónarmið fagstéttarinnar og eigin starfskenningu. Einn þátttakandi sem starfar í þjónustu við börn og ungmenni kemst þannig að orði: „... þekking mín á mannréttindum og sáttmála Sameinuðu þjóðanna er kjarninn í starfskenningu minni og leiðarvísir í starfi mínu.“

### Þróun í starfi

Góðar fyrirmyndir og samstarf við aðra þroskaþjálfara eru þátttakendum ofarlega í huga þegar starfsþróun ber á góma. Í því skyni árétta þeir mikilvægi þess að starfa með reyndum þroskaþjálfum við ákvarðanatöku og lausn mála. Þeir sem hafa reynslu af því að vera eini þroskaþjálfinn á vinnustað tilgreina þennan þátt sem þungamiðju í starfsaðlöguninni. Til viðbótar nefna nokkrir skýrt hlutverk og það að upplifa faglegt traust, tilgang, hvatningu og tækifæri til að takast á við krefjandi viðfangsefni. Allir nefna að stuðningur yfirmanna við framhaldsnám, símenntun og starfstengda fræðslu skipti sköpum hvað starfsánægju og starfshæfni varðar. Þessi stuðningur skili sér margfalt inn í starfið. Þó að samstarf við eigin fagstétt sé þátttakendum ofarlega í huga þá tala flestir um mikilvægi samstarfs á breiðum grunni og nefna máli sínu til stuðnings hversu mikinn lærdóm þeir dragi af samvinnu og samtölum við aðrar fagstéttir og starfsfólk. Jafnframt undirstrika þeir að þungamiðja samstarfsins sé ávallt samstarfið við notendur þjónustu og aðstandendur þeirra.

Aðrar leiðir í starfsþróuninni sem þátttakendur nefna eru handleiðsla og fagleg ráðgjöf, þátttaka í þróunarverkefnum, heimsóknir til að kynna sér nýjungar, ráðstefnur og fræðslufundir. Í því ljósi undirstrika þátttakendur mikilvægi samstarfs við kollega innan fagstéttarinnar og mikilvægi þess að sækja námskeið, fræðslu og handleiðslu sem er sérstaklega ætluð þroskaþjálfum, eins og þátttakandi sem áður starfaði hjá svæðisskrifstofu segir: „... eftir yfirfærsluna eru námskeiðin meira miðuð að fleiri fagstéttum og starfsfólki. Námskeiðin með öðrum fagstéttum eru vissulega líka mikilvæg en gefa ekki sama tækifæri til að efla faglegan sjálfsskilning og fagvitund.“

Annar dregur fram mikilvægi handleiðslu í starfi og segir: „... þær leiðir sem ég hef farið til að takast á við breytingar, erfiðleika og áskoranir eru mjög misjafnar en sú leið sem hefur haft mest að segja er handleiðsla. Hún varð til þess að ég gekk ekki út úr starfi.“

Fram kemur að þátttakendur líta á leiðsagnarhlutverk sitt í vettvangsnámi þroskaþjálfanema sem mikilvægan þátt í eigin starfsþróun. Einn reyndur leiðbeinandi nefnir að „leiðsagnarstarfið krefst þess að maður ígrundi starfið sitt með nemendum og það eykur skilning manns og faglegt sjálfstraust“.

Þá er mikill einhugur meðal þátttakenda um að viðhorf, skoðanir og þarfir þjónustunotenda og fjölskyldna þeirra sé mikilvægur lærdómur sem gefi besta veganestið hvað starfsþróun varðar. Sú þekking gefi bestu vísbendingarnar um kjarna fagsins, baráttuna og sóknarfærin í áframhaldandi starfsþróun.

### **Framtíðarsýn og alþjóðasamstarf**

Þátttakendur virðast almennt horfa jákvæðum augum til framtíðar. Þeir telja stöðu sína sterka á vinnumarkaði og eru sammála um að stéttin muni í framtíðinni starfa með enn breiðari hópi fólks og vera með því falld víðtækara starfshlutverk innan samfélagsins.

... Eins og ég var fylgjandi því að þroskaþjálfar eigi eyrnamerkta stöður, þá er ég að hverfa frá því núna. Þroskaþjálfar starfa sennilega á mun fleiri stöðum en þá óraði fyrir hér áður fyrr, því þeir starfa alls staðar þar sem fatlað fólk er ...

... Starfsvettvangurinn þróast með aukinni samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og það er hlutverk og ábyrgð þroskaþjálfara að undirbúa umhverfið og styðja fatlað fólk til þátttöku í daglegu lífi og því sem það tekur sér fyrir hendur.

Aðspurðir hvaða óskir þátttakendur ættu fyrir hönd stéttarinnar þegar horft er til framtíðar nefna þeir þætti eins og skýrari skilgreiningu á fræðilegum og faglegum kjarna starfsins og að þeir myndu vilja sjá meira faglegt samstarf, samráð og jafningjahandleiðslu meðal þroskaþjálfara, einkum vegna þess að starfið sé mikið einyrkjastarf. Nokkrir þátttakendur undirstrika sérstaklega að fjölga þurfi fagfólki víða í þjónustunni og einn þeirra, sem er forstöðuþroskaþjálfari í búsetu, kemst þannig að orði: „... það þarf að vinna gegn því að bæjarfélög geti takmarkað fjölda fagfólks í þjónustu við fatlað fólk. Það er fátíðlegt að þurfa að neita þroskaþjálfara um starf þar sem viðkomandi er of dýr fyrir rekstur heimilisins.“

Það er sammerkt með öllum þátttakendum í rannsókninni að þeir hafa lítið kynnt sér alþjóðasamtök þroskaþjálfara og hæfniviðmið þeirra og finnst það miður, eins og merkja má af orðum eins þátttakandans sem gerði góðlátlegt grín að sjálfum sér: „... vitið þið ... ég skammast mín þegar ég segi það en ... nei, ég þekki þau ekki.“

Margir segjast fylgjast vel með erlendum fræðimönnum sem hingað koma og þá í tengslum við viðfangsefni starfsins. Einnig er eitthvað um að þátttakendur hafi farið til útlanda í heimsóknir og skoðunarferðir. Nokkrir segjast taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og nefndum sem tengjast starfinu. Þroskaþjálfarnir sem starfa utan hins hefðbundna vettvangs, eins og með eldri borgurum, fólki með geðröskun og í meðferðarstarfi með ungmönnum lýsa áhuga á að kynna sér betur störf kollega sinna í Evrópu sem hafa langa reynslu á þessum sviðum.

### **Samantekt og umræða**

Í þessari grein hefur verið leitað svara við tveimur rannsóknarspurningum: Hvernig sjá íslenskir þroskaþjálfar núverandi stöðu sína, starfshlutverk og helstu áskoranir í starfi? Að hvaða marki má finna samsvörun milli faglegrar þróunar fagstéttar þroskaþjálfara á Íslandi og í öðrum löndum Evrópu? Hér verða helstu niðurstöður skoðaðar í því fræðilega ljósi sem liggur til grundvallar rannsókninni.

#### **Þroskaþjálfar á Íslandi**

Þegar horft er til þroskaþjálfara á Íslandi í ljósi rannsóknarniðurstaðna kemur skýrt fram að mikil eftirspurn er eftir starfskröftum þeirra. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi fagstéttarinnar í þjónustu við fatlað fólk en líka aukna eftirspurn eftir framlagi þeirra á fjölbreyttum vettvangi samfélagsins og vilja þeirra sjálfra til að sækja á ný og fjölbreyttari mið við starfsval. Þeir eru t.d. orðnir eftirsóttir starfskraftar á öllum skólastigum og þá með fjölbreytilegum hópi nemenda, til dæmis nemendum af erlendum uppruna. Þroskaþjálfar

eru jafnframt að hasla sér völl í störfum með öldruðu fólki, þjónustu við fólk með geðfötlun og í meðferðarstörfum með unglíngum. Í þeim störfum sem hér um ræðir virðast ráðgjöf, leiðsögn, stuðningur og réttindagæsla vera lykilhugtök. Grunntónninn í svörum viðmælenda um starfsviðmið eru mannréttindi og mannréttindaáherslur sem eru lykilviðmið fagstéttarinnar hér á landi eins og sjá má í opinberum starfsviðmiðum hennar, svo sem í lögum, reglugerðum, starfskenningu og siðareglum. Flestir þátttakendur rannsóknarinnar leggja áherslu á að þeim sé það mikilvægt við starfsval að hafa möguleika á að ná þeim faglega árangri sem þeir vilja sjá með starfi sínu og leggja þar árangur í starfi til grundvallar starfsánægju. Einnig kemur fram að þegar þroskaþjálfarnir söðla um í starfi hafi þeir flestir íhugað vel starfsvalið og byggt þar á sínum persónulegu og faglegu viðmiðum. Flestir þátttakendur undirstrika að starfsviðmið þroskaþjálfara, svo sem *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*, hugmyndafræðin og siðareglur séu þeirra haldreipi þegar þeir færa sig til á starfsvettvangi, sérstaklega þegar þeir eru eini þroskaþjálfarnir á vinnustaðnum og komnir út fyrir hinn hefðbundna vettvang. Fræðasýn viðmælenda litast mjög af eðli þeirrar þjónustu sem þeir starfa við. Þroskaþjálfarnir sem starfa með börnum og ungmennum vísa í hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðaða þjónustu. Aftur á móti einkennist fræðileg sýn viðmælenda sem starfa í þjónustu við fullorðið fólk af fyrrnefndum starfsviðmiðum og kenningum og sjónarhornum siðfræðinnar, fötlunarfræðinnar og þroskaþjálfarafræða.

Þegar horft er til helstu áskorana sem viðmælendur telja sig mæta kemur fram að starfið sé víða ekki nægilega afmarkað og skarist auðveldlega við starf annarra skyldra starfsstétta. Þetta lýsi sér meðal annars í því að starfslýsingar fyrir þroskaþjálfara á vinnustöðum séu óljósar og jafnvel engar til að vinna eftir en um leið séu þeim falin ábyrgðarmikil störf og ákvörðunarvald sem þeir telja sig misjafnlega undirbúna að takast á við. Þetta á ekki síst við þar sem viðmælendur eru einu þroskaþjálfarnir á vinnustað. Góðar fyrirmyndir og samstarf við aðra þroskaþjálfara eru þátttakendum ofarlega í huga þegar starfsþróun ber á góma. Þá tala flestir um mikilvægi samstarfs á breiðum grunni og nefna máli sínu til stuðnings hversu mikinn lærdóm þeir dragi af samvinnu og samtölum við aðrar fagstéttir og starfsfólk. Jafnframt undirstrika margir að þungamiðja samstarfsins sé ávallt samstarfið við notendur þjónustu og aðstandendur þeirra. Þátttakendur áréttu jafnframt mikilvægi samstarfs við kollega innan fagstéttarinnar og mikilvægi þess að sækja námskeið og fræðslu sem er sérstaklega ætluð til að efla sjálfskilning og stéttarvitund þroskaþjálfara.

Viðmælendur eru sammála um að stéttin muni í framtíðinni starfa með breiðari hópi fólks og vera með því falið víðtækara starfshlutverk innan samfélagsins sem endurspeglir þær þarfir sem þar birtast á hverjum tíma. Aðspurðir hvaða óskir þeir ættu fyrir hönd stéttarinnar þegar horft væri til framtíðar nefndu þeir þætti eins og skýrari skilgreiningu á fræðilegum og faglegum kjarna starfsins, skýrara starfshlutverk, aukið samráð milli þroskaþjálfara, handleiðslu og ráðgjöf vegna þess hve starfið er fjölbætt og mikið einyrkjastarf. Þrátt fyrir bjartsýni telja þeir ástæðu til að vera vakandi fyrir stöðu fagstéttarinnar og réttindum þjónustunotenda vegna stjórnsýslubreytinga í starfsumhverfi þroskaþjálfara og nefna máli sínu til stuðnings að réttindi og mannréttindasýn í þjónustunni hafi tilhneigingu til að víkja fyrir hagkvæmnisjónarmiðum og hóplausnum.

### **Þroskaþjálfarar á alþjóðavettvangi**

Fram hefur komið að tilgangurinn með rannsókninni hafi verið að skoða stöðu og starfshlutverk fagstéttarinnar hér á landi og þá mögulegu samleið sem hún eigi með þroskaþjálfum í Evrópu. Þetta samræmist þeim ásetningi alþjóðasamtaka þroskaþjálfara að sameina sýn fagstéttarinnar í Evrópu og víðar þó að hún starfi á nokkuð ólíkum grunni milli landa. Það sjónarmið endurspeglast mjög skýrt í áður nefndum hæfniviðmiðum alþjóðasamtakanna sem voru meðal annars sett fram fyrir tilstuðlan Bologna-samþykktarinnar og samþykktar Evrópusambandsins um viðurkenningu starfsréttinda (Directive 2005/36/EC)



milli landa Evrópu. Kjarninn í hæfniviðmiðunum endurspeglar stöðu og fræðilega sýn fagstéttarinnar í Evrópu en jafnframt starfshlutverk hennar á fjölbreyttum vettvangi samfélagsins með ólíkum þjónustuhópum. Þá eru hæfniviðmiðin í eðli sínu leiðbeinandi um fræðilega starfsþekkingu, hagnýtar starfsaðferðir og heilindi í starfi og grundvöllur starfsþróunar og þess árangurs sem talinn er eftirsóknarverður í störfum fagstéttarinnar á alþjóðavísu. Meginstefið í hæfniviðmiðunum beinist að siðferðilegum skyldum fagstéttarinnar, það er að þær byggist á mannréttindum og lýðræðislegum gildum þar sem jafnrétti og virðing fyrir öllu fólki sé í öndvegi. Þegar horft er til starfsundirbúnings þroskaþjálfara í nokkrum löndum Evrópu, Íslandi þar á meðal, má sjá áþekk markmið með áherslu á að búa væntanlega þroskaþjálfara undir það að styðja samfélagslega þátttöku og efla samfélagslega þekkingu og sjálfræði þeirra þegna sem ekki njóta félagslegs jafnræðis á grundvelli mannréttindasáttmála, eins og áður er getið (Vilborg Jóhannsdóttir og Kristín Lilliendahl, 2014).

Það sem fram kemur um fræðilega starfsþekkingu þroskaþjálfara í umræddum hæfniviðmiðum endurspeglar vel í skrifum fræðimanna á þessu sviði í Evrópu. Þar kemur skýrt fram að þarft sé að kryfja og afmarka fræðasviðið þroskaþjálfarafræði og í því skyni er bent á að þörf sé á samræmdri alþjóðlegri skilgreiningu og rannsóknum á þróun starfanna, fræðilegum grunni og sameiginlegri hugtakanotkun (Erikson, 2005; Hämäläinen, 2012; Kornbeck, 2009; Stevens, 2013; Storø, 2011). Þannig má segja að hæfniviðmiðin hafi ekki einungis því hlutverki að gegna að vera viðmið í daglegum störfum heldur jafnframt grunnur sem starfsþróun og rannsóknir geta hvílt á. Þá endurspeglar hæfniviðmiðin í hnotskurn sannfæringu Hämäläinens (2012) þar sem hann dregur fram tvískipt hlutverk þroskaþjálfarstarfsins, það er annars vegar leiðsagnarhlutverkið og hins vegar hlutverk hins pólitíska tals- og réttindagæslumanns. Jafnframt talar Hämäläinen um að starf þroskaþjálfara sé ekki einungis faglegt og fræðilegt, heldur eins konar hugsjón og lífsviðhorf. Um kjarnann í eðli starfsins segir Stevens (2013) að það sé ekki nægilegt að þekka starfsviðmið sín og siðareglur heldur þurfi þau viðmið að vera hluti af lífsviðhorfi þroskaþjálfans.

Þegar horft er til helstu áskorana og framtíðarsýnar fagstéttarinnar í Evrópu kemur fram að kallað er eftir samræmingu í fræðilegu og starfstengdu samhengi og þar liggur til grundvallar krafan um viðurkenningu starfsréttinda stéttarinnar milli landa. Einnig horfa þroskaþjálfarar til þess að starfa með fleiri þjónustuhópum en hingað til vegna sífellt meiri margbreytileika innan hvers samfélags. Þetta má sjá skýrt í áherslum AIEJI á starfstímabilinu 2013–2017 þar sem sjónum er sérstaklega beint að fylgdarlausum börnum í hópi flóttafólks. Auk þessa er sjónum beint að áhrifum efnahagskreppunnar í Evrópu og þeirri áskorun sem felst í aukinni fátækt og öðrum félagslegum vanda sem henni fylgir. Hvort tveggja undirstrikar þörfina fyrir sameiginlega fræðasýn fagstéttarinnar á alþjóðavísu sem einkennir og greinir starfið frá störfum annarra skyldra fagstétta og skapar stéttinni samræðugrundvöll og vettvang fyrir sameiginlega starfsþróun í alþjóðasamfélaginu.

### **Sameiginlegir þræðir og sérstaða**

Horfa þarf á niðurstöður með það í huga að hér eru sjónarmið íslenskra þroskaþjálfara skoðuð og spegluð í ljósi fagstéttarinnar í öðrum löndum sem eru um margt ólík og þjóðfélagslegar aðstæður og hefðir mismunandi. Þjóðirnar hafa því ekki endilega sömu þörf fyrir tiltekna umbætur og þurfa ekki að mæta að öllu leyti sömu áskorunum eða í sama mæli og horfa því ekki á sama hátt til framtíðar að öllu leyti. Þó er ljóst að störf og starfshlutverk íslenskra þroskaþjálfara eins og þau birtast í niðurstöðunum falla vel að alþjóðlegu hæfniviðmiðunum, forsendum þeirra og fræðilegum skrifum á þessu sviði. Færa má rök fyrir því að alþjóðlegir mannréttindasáttmálar, svo sem *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*, séu hornsteinar stöðu og þróunar starfa þroskaþjálfara í Evrópu

eins og fram kemur í alþjóðlegum hæfniviðmiðum fagstéttarinnar svo og í opinberum starfsviðmiðum íslenskra þroskaþjálfara (AIEJI, 2009; Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.). Í því samhengi ber sérstaklega að nefna þær siðferðislegu og hugmyndafræðilegu skyldur sem birtast í hæfniviðmiðunum og skilgreiningu Hämäläinenens (2012) um hið tvískipta hlutverk þroskaþjálfara, það er leiðsagnarhlutverkið og hlutverk hins pólitíska talsmanns. Einnig samræmast sjónarmið viðmælenda þeim skoðunum Stevens (2013) að það sé ekki nægilegt að þekkja starfsviðmið sín og siðareglur heldur þurfi þau viðmið að vera þáttur í lífsviðhorfi þroskaþjálfans. Þá horfa þroskaþjálfar, bæði á Íslandi og í öðrum löndum Evrópu, til þess að þeir muni starfa í framtíðinni með fleiri þjónustuhópum í samræmi við þarfir hvers samfélags. Jafnframt kemur skýrt fram hjá fagstéttinni, bæði á Íslandi og annars staðar, þörfin fyrir að afmarka betur starfshlutverkið og forsendur þess og mikilvægi þess að greina starf þroskaþjálfara frá störfum annarra skyldra fagstétta líkt og áréttað er í alþjóðlegu hæfniviðmiðunum. Þegar horft er til rannsóknarspurninganna sem lágu að baki þeim gögnum og þeirri fræðilegu umræðu sem hér eru kynnt kemur í ljós að það er sammerkt með íslensku þroskaþjálfunum og kollegum þeirra í Evrópu að hlutverk þeirra er að styðja samfélagslega þátttöku og efla samfélagslega þekkingu og sjálfræði þeirra þegna sem ekki njóta félagslegs jafnræðis á grundvelli mannréttindasáttmála og gildandi laga. Af þessu má ráða að starfshlutverk og fagleg sjónarmið séu hin sömu þó að starfsvettvangur og notendahópar séu nokkuð ólíkir milli landa, sem mótast af menningu, hefðum og samfélagslegum þörfum á hverjum tíma. Á grundvelli niðurstaðna og fræðilegrar greiningar má því draga þá ályktun að það sé gagnkvæmur ávinningur af auknu alþjóðasamstarfi, jafnt á grunni þess sem er sameiginlegt og þess sem greinir að.

## Lokaorð

Þau sjónarhorn sem hér hafa komið fram jafnt í fræðilegri rýni og meðal þátttakenda gefa til kynna að full ástæða sé til að skoða enn frekar gildi alþjóðasamstarfs fyrir framþróun fagstéttarinnar hér á landi. Fram hefur komið að alþjóðasamtök þroskaþjálfara (AIEJI) hafa skapað góðan jarðveg fyrir samstarf og samræðu þroskaþjálfara milli landa og lagt með því grunn að mikilvægum samnefnara fagimyndar og sérfræðipekkingar fagstéttarinnar í alþjóðlegu samfélagi. Draga má þá ályktun að íslenskir þroskaþjálfar eigi margt sameiginlegt með kollegum sínum í Evrópu. Einnig að aukin þátttaka þeirra í alþjóðasamfélagi fagstéttarinnar geti skapað þeim enn sterkari stöðu í starfi. Ekki síst er þetta mikilvægt í ljósi þess að þátttakendur í rannsókninni þekkja lítið til alþjóðasamtaka þroskaþjálfara og þeirra starfa sem þar fara fram þó að Þroskaþjálfafélag Íslands sé aðili að samtökunum. Að lokum má taka undir með forystu Þroskaþjálfafélags Íslands sem bendir á að með því að kynnast ólíkum sjónarmiðum og annars konar sýn á störf fagstéttarinnar og starfsvettvang megji öðlast dýpri skilning á eigin starfi og spyrja spurninga sem annars væri ekki spurt.

## Heimildir

AIEJI. (2009). *The professional competences of social educators: A conceptual framework*. AIEJI. Sótt af <http://aieji.net/wp-content/uploads/2010/12/A-conceptual-framework.pdf>

AIEJI. (2010). *Working with persons with developmental disabilities: The role of the social educator*. AIEJI. Sótt af <http://aieji.net/wp-content/uploads/2010/12/Working-with-persons-with-developmental-disabilities.pdf>

AIEJI. (2011). *The profession of social education in Europe*. AIEJI. Sótt af <http://aieji.net/wp-content/uploads/2010/11/The-Profession-of-Social-Education.pdf>

Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (2003). *Qualitative research for education: An introduction to theories and methods* (4. útgáfa). New York: Pearson Education Group.

Bologna Working Group. (2005). *Framework of Qualifications for the European Higher Education Area*. Bologna Working Group Report on Qualifications Frameworks (Copenhagen, Danish Ministry of Science, Technology and Innovation). Sótt af [http://ecahe.eu/w/images/7/76/A\\_Framework\\_for\\_Qualifications\\_for\\_the\\_European\\_Higher\\_Education\\_Area.pdf](http://ecahe.eu/w/images/7/76/A_Framework_for_Qualifications_for_the_European_Higher_Education_Area.pdf)

Bon, C. (2009). Reflections on the definition(s) of social pedagogy. „Important but widely misunderstood“: The problem of defining social pedagogy. Í J. Kornbeck og N. R. Jensen (ritstjórar), *The Diversity of Social Pedagogy in Europe*. Bremen: Europäischer Hochschulverlag.

Damsgaard, B. (2015). Our international day. Sótt af <http://aieji.net/our-international-day/>

*Directive 2005/36/EC of the European Parliament and of the Council of 7 September 2005 on the recognition of professional qualifications.*

Erikson, L. (2005). Teoriers betydelse for forståelsen av socialpedagogik. Í *Socialpedagogiken i samhället: Rapport fra nordisk forskningskonferens vid Linköpings universitet, Campus Norrköping, 11–12 november 2004*. Linköping: Linköping universitet.

Erikson, L. og Markström, A. M. (2009). Social pedagogy in a Swedish context. Í J. Kornbeck og N. R. Jensen (ritstjórar), *The Diversity of Social Pedagogy in Europe*. Bremen: Europäischer Hochschulverlag.

Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research* (3. útgáfa). London: Sage.

*Frumvarp til laga um fávitastofnanir nr. 5/1966.*

Guðrún Geirsdóttir. (2012). Hlutverk háskólakennara í námskrárgerð. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 139–162.

Gustavsson, A. (2003). The role of theory in social pedagogy and disability research: A comparison between two practice oriented, multi-disciplinary knowledge fields. Í A. Gustavsson, H.-E. Hermansson og J. Härmäläinen (ritstjórar), *Perspectives and Theory in Social Pedagogy*. Göteborg: Daidalos.

Härmäläinen, J. (2012). Social pedagogy in Finland. *Kriminologija i socijalna integracija*, 20(1), 95–104.

Háskóli Íslands. (2012). *Menntavísindasvið: Þroskaþjálfarafræði* (kynningarbæklingur). Sótt af [http://www.hi.is/sites/default/files/oldSchool/HI\\_menntavis\\_throskathjalf\\_vefur.pdf](http://www.hi.is/sites/default/files/oldSchool/HI_menntavis_throskathjalf_vefur.pdf)

Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir. (2012). Mannréttindi fatlaðs fólks og hlutverk þroskaþjálfara. *Uppeldi og menntun*, 21(1), 115–119.

Jensen, N. R. (2009). Will social pedagogy become an academic discipline in Denmark? Í J. Kornbeck og N. R. Jensen (ritstjórar), *The Diversity of Social Pedagogy in Europe*. Bremen: Europäischer Hochschulverlag.

Kantowicz, E. og Wilinska, M. (2009). Social pedagogy in Poland and education for the social professions. Í J. Kornbeck og N. R. Jensen (ritstjórar), *The Diversity of Social Pedagogy in Europe*. Bremen: Europäischer Hochschulverlag.

Kristín Aðalsteinsdóttir. (2013). *Lífsfylling: Nám á fullorðinsárum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Kristín Lilliendahl og Vilborg Jóhannsdóttir. (2013). Rýnt í störf þroskaþjálfara í ljósi alþjóðlegra viðmiða. Í Guðrún Gerisdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XIV*. Erindi flutt

á ráðstefnu í október 2013, Reykjavík. Sótt af [http://skemman.is/en/stream/get/1946/16805/39065/1/Krist%C3%ADnLillVilborgJohanns\\_MEN.pdf](http://skemman.is/en/stream/get/1946/16805/39065/1/Krist%C3%ADnLillVilborgJohanns_MEN.pdf)

Kristín Lilliendahl og Vilborg Jóhannsdóttir. (2015). Ný framtíðarsýn fagstéttar þroskaþjálfra í fjórum löndum Evrópu. Í Helga Ólafs og Thamar M. Heijstra (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XVI*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2015. Sótt af <http://skemman.is/item/view/1946/23178>

Kornbeck, J. (2009). „Important but widely misunderstood“: The problem of defining social pedagogy. Í J. Kornbeck og N. R. Jensen (ritstjórar), *The Diversity of Social Pedagogy in Europe*. Bremen: Europaischer Hochschulverlag.

Krueger, R. A. (1994). *Focus groups. A practical guide for applied research* (2. útgáfa). London: Sage.

Lög um háskóla nr. 63/2006.

Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Auglýsing um viðmið um æðri menntun og prófgráður*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=7fa0729e-dacc-47e3-b626-96efb036ef68>

Noell, J. F., Pallisera, M., Tesouro M. og Castro M. (2009). Professional placement and professional recognition of social education graduates in Spain: A 10 year balance. *The International Journal of Social Work Education*, 28(4), 336–350.

Polkinghorne, D. E. (2005). Language and meaning: Data collection in qualitative research. *Journal of Counseling Psychology*, 52(2), 137–145.

Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfra og skilyrði til að hljóta starfsleyfi nr. 1120/2012.

Sameinuðu þjóðirnar. (2006). *Samningur um réttindi fatlaðs fólks*. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar-og-yfirlýsingar/sameinudu-thjodirnar/samningur-um-rettindi-fatlads-folks>

Silverman, D. (2010). *Doing qualitative research*. London: Sage.

Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239–249). Akureyri: Ásprent stíll.

Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299–312). Akureyri: Ásprent stíll.

Stefna Háskóla Íslands 2011–2016. (e.d.) Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af [http://www.hi.is/adalvefur/stefna\\_haskola\\_islands\\_2011\\_2016](http://www.hi.is/adalvefur/stefna_haskola_islands_2011_2016)

Stevens, P. (2013). Social Pedagogy: Heart and Head. Í P. Herman (ritstjóri), *Studies in Comparative Social Pedagogies and International Social Work and Social Policy*. Bindi XXIV. Bremen: Europaischer Hochschulverlag.

Storø, J. (2011). *Practical social pedagogy: Theories, values and tools for working with children and young people*. Bristol: Policy Press.

Taylor, S. og Bogdan, R. C. (1998). *Introduction to qualitative research methods* (3. útgáfa). New York: John Wiley and Sons.

Vilborg Jóhannsdóttir. (2001). *Markmið og mæling* (meistararitgerð). Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.

Vilborg Jóhannsdóttir. (2003). Gæðastýrð þjónusta byggð á viðhorfum notenda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlunarfræði, nýjar íslenskar rannsóknir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Vilborg Jóhannsdóttir og Kristín Lilliendahl. (2015). Starfsþróun fagstéttar þroskaþjálfara í ljósi nýrra áskoranna. Í Helga Ólafs og Thamar M. Heijstra (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XVI*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2015. Sótt af <http://skemman.is/item/view/1946/23163>

Þórður Kristinsson. (2010). Bolognaferlið: Saga og tilgangur. *Uppeldi og menntun*, 19(1–2), 186–190.

Þroskaþjálfafélag Íslands. (e.d.). Sótt af <http://www.throska.is/?c=webpage&id=25&lid=25&option=links>

### Um höfunda

Vilborg Jóhannsdóttir (vjoh@hi.is) er lektor í þroskaþjálfarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og starfar við kennslu á þroskaþjálfabraut. Hún lauk bakkalárprófi í sérkennslufræðum með áherslu á unglinga og fullorðna með þroskahömlun samhliða námi í grunnskólakennarafræðum frá University of Iowa árið 1976. Vilborg lauk fyrri hluta meistaragráðu við sama skóla með áherslu á heilðræna námskrár- og áætlanagerð á vettvangi málefna fatlaðs fólks árið 1983 og diplómu í ráðgjöf frá Kennaraháskóla Íslands árið 1986. Hún lauk meistaragráðu í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á sérkennslu og stjórnun frá Kennaraháskóla Íslands árið 2001. Vilborg lauk viðbótardiplómu í kennslufræði háskóla árið 2014 og stundar nú doktorsnám í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands. Vilborg hefur komið að menntun þroskaþjálfara og störfum á vettvangi fatlaðs fólks í nær fjóra áratugi. Hún var formaður námsbrautar í þroskaþjálfarafræðum á árunum 2002 til 2011. Rannsóknir hennar hafa beinst að tengingu fræða og starfs, starfsþróun, fagmennsku og gæðastjórnun í mál-efnum fatlaðs fólks, mannréttindabaráttu fatlaðs fólks og alþjóðasamstarfi.

Kristín Lilliendahl (krislill@hi.is) er aðjúntk á menntavísindasviði Háskóla Íslands og starfar við kennslu á þroskaþjálfabraut. Hún er þroskaþjálfari að mennt en lauk jafnframt bakkalárprófi í kennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 1992, diplómanámi í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands 2004, meistaragráðu í uppeldis- og menntunarfræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2008 og meistaragráðu í fjölskyldumeðferð frá félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands árið 2012. Einnig lauk hún viðbótardiplómu í kennslufræðum háskólastigsins á vegum Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands árið 2014. Kristín hefur starfað við menntun þroskaþjálfara allt frá árinu 1983 en tók hlé frá þeim störfum á árunum 1996–2006 þegar hún starfaði sem umsjónarmaður sérkennslu á unglingastigi í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Á sviði rannsókna hefur Kristín einbeitt sér að stöðu ólíkra nemendahópa á grunnskólastigi í ljósi ákvæða *Aðalnámskrár grunnskóla* um jafnan rétt til náms. Á undanförunum misserum hefur áherslan jafnframt verið á rannsókn á námi og störfum þroskaþjálfara í alþjóðlegu samhengi í samstarfi við Vilborgu Jóhannsdóttur lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

## Efnisorð

alþjóðlegt samstarf – Bolognaferlið – hæfniviðmið  
– starfsþróun – fagstétt þroskaþjálfara

### About the authors

Vilborg Jóhannsdóttir (vjoh@hi.is) is assistant professor in social education at the University of Iceland. In 1976 she completed a bachelor degree in special education studies and elementary education at the University of Iowa. In 1983 Vilborg finished coursework in special education towards a masters degree from the University of Iowa with emphasis on service planning and management. She finished a diploma in inservice training and staff development in 1986 at the the University of Education in Iceland. She completed a masters degree in education and pedagogy with emphasis on special education in 2001 from the Iceland University College of Education and graduate diploma studies in university teaching from the University of Iceland in 2014. She is currently enrolled in PhD-studies at the University of Iceland, School of Education. Vilborg has been teaching social educators and working with disabled people in various settings for four decades. She was the head of a national study program in social education from 2002 till 2011.

Kristín Lilliendahl (krislill@hi.is) is adjunct in the department of social education at the University of Iceland. Her educational background lies in social education, a bachelor program in teaching at the Iceland University College of Education in 1992, a masters programme in educational and pedagogical theories completed at the University of Iceland in 2008, diploma studies in educational and vocational counseling from the University of Iceland in 2004 and a masters program in family therapy completed at the University of Iceland in 2012. She also finished a diploma in university teaching from the University of Iceland in 2014. Kristín has been teaching social education students since 1983. She took a break in 1996–2006 and worked as a co-ordinator of special education for adolescents in two primary schools in the Reykjavik district. Her research work has mostly been focused on different learners at the primary and lower secondary school level in light of a national curriculum policy upholding equal right to education. Recently she has also been working with Vilborg Johannsdottir on research focusing on the education and professional role of social educators.

### Key words

international collaboration – Bologna Process – competencies  
– professional development – profession of social educators



Vilborg Jóhannsdóttir og Kristín Lilliendahl. (2015).  
Þróun starfa íslenskra þroskaþjálfara í alþjóðlegu ljósi.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérrið 2015 – Hlutverk og menntun þroskaþjálfara.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk\\_og\\_menntun\\_throskathjalfa/007.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/007.pdf)